



Okkar mál

*Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellahverfi*

Áfangaskýrsla - sumar 2013

Verkefnið Okkar mál hefur það að meginmarkmiði að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu.


Á fyrsta starfsári verkefnisins hefur verið unnið að því að leiða saman aðila, vinna með viðhorf og væntingar til samskipta og skipuleggja fræðslu er tengist hugmyndafræði um læsi í víðum skilningi, fjölmenningu, millimenningarfærni, tvítýngi, máltöku og málræktar.

Helstu verkefni

Eins og sjá má á vef verkefnisins¹ hefur margvísleg starfsemi átt sér stað í verkefninu frá því að það hófst formlega sumarið 2012. Hér að aftan er fjallað um helstu viðfangsefni.

1. Samráð og samstarf

- **Stýrihópur verkefnisins** hefur fundað 14 sinnum. Hópurinn hefur sinnt stefnumótun, ákvarðanatöku, undirbúningi fyrir ýmsa sameiginlega starfsemi og kynningarmálum verkefnisins.
- **Verkefnastjórar í verkefninu**, frá leikskólunum Holti og Ösp, Fellaskóla, skóla- og frístundasviði og þjónustumiðstöð Breiðholts, hafa fundað 10 sinnum. Verkefnastjórnir hafa og unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum er tengjast samstarfi og markvissum verkefnum á hverjum starfsstað. Þeim til ráðgjafar hafa verið deildarstjórar í leikskólunum, kennarar fyrstubekkinga í Fellaskóla og þátttakendur í stýrihópi verkefnisins.



Myndir frá fundum stýrihóps, verkefnastjóra, ráðgjafarhóps og samráði starfsmanna.

Helstu verkefni verkefnastjórnanna voru eftirfarandi:

- Skipulag og umsjón með **heimsóknum leikskólabarna í grunnskólann** sem teknar voru til endurskoðunar á skólaárinu.
- Skipulag og umsjón með **heimsóknum grunnskólabarna í leikskólana** þar sem m.a. var unnið markvisst með þemaverkefni tengd einingarkubbum.

¹ Sjá www.tungumalatorg.is/okkarmal

- Umsjón og útfærsla **útskriftar elstu barna á leikskólunum sem fram fór í fyrsta skipti í grunnskólanum.**



Myndir frá sameiginlegri útskrift elstu barna á leikskólunum sem fram fór í Fellaskóla.

- Vinna að **áætlun um samstarf leikskóla og grunnskóla við skólaskil.** Með samstarfsáætluninni fylgja ferns konar gögn:
 1. **Tímarammi fyrir samstarf leik- og grunnskóla.** Í rammanum er yfirlit þeirra atburða sem tengjast skipulögðu samstarfi á næsta skólaári. Um er að ræða gagnkvæmar heimsóknir milli leikskólanna og grunnskólans; samráði starfsmanna; upplýsingamiðlun og samstarfi við foreldra. Upplýsingar um helstu markmið, ábyrgð og matsþætti koma jafnframt fram í tímarammanum.
 2. **Lýsing á ferli útskriftar** fjallar um helstu atriði sem hafa þarf í huga þegar leikskólabörnin útskrifast í húsnæði grunnskólans. Atriðin tengjast sjálfri útskriftarathöfninni og þátttöku skólans í henni, veislu sem foreldrar sjá um og hvernig skólastjóri og kennarar nýta tækifærið til að kynna skólann og miðla upplýsingum til foreldra væntanlegra nemenda.
 3. **Rammi fyrir upplýsingamiðlun frá leikskóla til grunnskóla.** Útfært var sérstakt eyðublað þar sem áhersla er lögð á miðla gagnlegum upplýsingum um tungumálakunnáttu, þroskaþætti og áhugamál barnsins, samskipti heimila og skóla og fleira. Jafnframt var ákveðið að leikskólaútgáfa af gátlista um sjálfsmynd og félagsfærni barna sem unnin var af starfshópi á vegum Leikskóla- og Menntasviðs Reykjavíkur árið 2008 yrði nýtt til upplýsingamiðlunar. Með framangreindum gögnum geta fylgt niðurstöður úr prófum sem lögð hafa verið fyrir börnin.
 4. Fyrsta útgáfa af „**Söngbók Fellahverfis**“ var útbúin í þeim tilgangi að nýta söngtexta og kvæði til markvissar málörvunar. Frá hverjum starfsstað kom tillaga að lögum í söngbókina sem fylgja mun elstu börnunum á leikskólanum yfir í grunnskólann.



Myndir af fundargerðum frá fundum styrjihóps og verkefnastjóra, samstarfsáætlun 2013-2014 og söngbók Fellahverfis².

² Sjálfsagt er að veita aðgang að þessum skjölum ef óskað er.

2. Sameiginlegir fundir og fræðsla

- Haldinn var **sameiginlegur kynningar- og vinnufundur** samstarfsaðila verkefnisins í Fellaskóla 28. ágúst 2012. Á fundinum var verkefnið kynnt, fræðslu miðlað og hópurinn vann saman að mótun þess.



Myndir frá sameiginlegum starfsdegi 3. janúar 2013.

- Fimmtudaginn 3. janúar 2013 var haldinn **sameiginlegur starfsdagur Fellaskóla, leikskólans Aspar og leikskólans Holts** á 7. hæð í Borgartúni 12-14. Á starfsdeginum var verkefnið kynnt og boðið upp á fjölbreytta fræðslu um fjölmenningslega kennslu, menningarlegan margbreytileika, teymisvinnu, samræðufærni, málþroska og læsi, vinnu með bækur, viðhorf til starfsins og ábyrgð einstaklings á því að blómstra í starfi.
- **Samráð starfsmanna** hefur falist í fundum deildarstjóra í leikskólunum og kennara fyrstubekkinga í Fellaskóla sem hafa átt gagnlega fundi og tekið þátt í gagnkvæmum heimsóknnum milli leikskólanna og grunnskólans.
- Á þessu ári hefur athyglin beinst í auknum mæli að **möguleikum spjaldtölva í skólastarfinu**. Nefna má að heimsókn Abdul Chohan til landsins, spjaldtölvuverkefni kennaranema í vettvangsnámi, námskeið á vegum Applands fyrir starfsmenn leikskólans, fyrirmyndir frá öðrum skólum, umræður og prófanir starfsmanna með börnunum, hafa kveikt áhuga og opnað sýn á margvíslega möguleika tengda málrækt, menningu, upplýsingamiðlun og samstarfi. Ljóst er að unnið verður áfram með þessa áhugaverðu möguleika á næstu starfsárum verkefnisins.



Myndir frá spjaldtölvunámskeiðum og spjaldtölvuverkefni kennaranema.

- Í báðum leikskólunum og grunnskólanum hefur jafnframt verið **unnið á fjölbreyttan hátt með fræðslu og innleiðingu þátta er tengjast markmiðum verkefnisins**, um menningu, mál og læsi, á einn eða annan hátt.

3. Kynningarmál

- Verkefnið hefur verið kynnt með ýmsum hætti. Nefna má að:
 - **Merki** var hannað fyrir verkefnið og **veggspjald með helstu markmiðum** þess var útbúið. Veggspjaldið hangir uppi á starfsstöðunum og það hefur nú verið þýtt á albönsku, ensku, pólsku og rússnesku.
 - **Veggspjaldið var kynnt á Hringþingi** um menntamál innflytjenda sem haldið var 14. september 2012. Veggspjaldið var einnig kynnt á **Vorráðstefnu um menntavísindi** sem haldin var á á vegum miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri



Mynd af veggspjald verkefnisins er nú til á albönsku, ensku, íslensku, pólsku og rússnesku

- Settur var upp **vefur fyrir verkefnið** (www.tungumalatorg.is/okkarmal) þar sem fréttum af verkefninu er miðlað í myndum og texta. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að skrá starfsemi og taka myndir á flestum atburðum til að auka sýnileika starfsins. Myndum hefur til dæmis verið miðlað til foreldra og starfsmanna.
- Stofnaður var lokaður **Facebook hópur** fyrir verkefnið þar sem skapaður er vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og umræður starfsmanna.
- Í starfsauglýsingum frá leikskólunum hefur verið fjallað um verkefnið. Einnig voru unnar sérstakar **starfsauglýsingar** sem voru hengdar upp á Menntavísindasviði og birtar í stærstu Facebook hópum kennara.
- Nokkrum sinnum hafa birst **fréttir af verkefninu á vef borgarinnar**. Til dæmis var fjallað um sameiginlegan starfsdag verkefnisins 3. janúar, styrkveitingar og hvatningarverðlaun til verkefnisins.
- Hrafnhildur Halldórsdóttir tók viðtal við Nichole leikskólastjóra í Ösp og Þorbjörgu kennsluráðgjafa á Þjónustumiðstöð Breiðholts í útvarpsþættinum **Samfélagið í nærmynd** á Rás 1.
- Verkefnið var **kynnt á ársfundi Rannsóknarstofu í fjölmenningsfræðum** hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp og Okkar máls verkefnið voru kynnt á **stóra leikskóladeginum** sem haldinn var í Ráðhúsinu 7. júní 2013. Verkefnin fengu góða athygli og meðal annars tók **myndver grunnskólanna** upp efni um verkefnið og **síðdegisútvarpið á Rás 2 tók viðtal** við Gyðu aðstoðarleikskólastjóra á Holti og Nichole leikskólastjóra á Ösp.



Myndir frá kynningum á stóra leikskóladeginum í júní 2013

- Á ýmsum kynningum starfsmanna er taka þátt í verkefninu og sinna jafnframt öðrum þróunarverkefnum hefur verið minnst á Okkar máls verkefnið í Fellahverfi.

Afrakstur, stuðningur og næstu skref

Á fyrsta starfsári Okkar máls verkefnisins hefur verið unnið að fjölbreyttum verkþáttum. Náðst hefur að leiða saman aðila, vinna með viðhorf og væntingar til samskipta og skipuleggja fræðslu er tengist menningu, máli og læsi. Jafnframt hafa verið stigin skref í verkefninu sem þegar eru farin að hafa mótandi áhrif á inntak, aðferðir og samstarf í skólasamfélaginu í Fellahverfi.



Myndir af mikilvægasti markhópnum

Auk framantalinna verkefna hafa fjölmörg verkefni sem beint eða óbeint tengjast Okkar máls verkefninu verið unnin í hverfinu. Sú mikla gerjun sem á sér stað í Breiðholti hefur haft margvísleg og hvetjandi áhrif og mun hún vafalítið skila sér á einn eða annan hátt inn á gólf til kennara og nemenda og heim til fjölskyldna barna í hverfinu.

Samlegð af samstarfi í verkefninu, þar sem skólar í Fellahverfi, þjónustumiðstöð Breiðholts, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og skóla- og frístundasvið hafa lagt saman krafta sína, er um margt áhugaverð og getur (ef framhald verkefnisins verður í anda fyrsta starfsársins) orðið fyrirmynd að átaks- og þróunarverkefni í menntakerfinu. Í þessu samhengi er vert að geta þess að sú jákvæða athygli sem verkefnið hefur hlotið frá skóla- og frístundasviði og markviss stuðningur og hvatning frá skóla- og frístundaráði skiptir veigamiklu máli fyrir skólastarf í hverfi sem hefur jafnmikla sérstöðu og sóknarfæri eins og raunin er í Fellahverfi.



Myndir frá afhendingu styrkja og hvatningarverðlauna

Okkar máls verkefnið var í upphafi skilgreint sem fimm ára verkefni og þó að margt hafi unnist á þessu fyrsta starfsári er þátttakendum þess ljóst að aðeins hafa verið tekin fyrstu skrefin í vegferð sem getur leitt af sér fjölmörg tækifæri og afrakstur ef rétt verður að staðið. Á næsta skólaári verður unnið áfram að þeim fjölmörgu og mikilvægu viðfangsefnum sem liggja fyrir í anda markmiða verkefnisins og verkáætlana. Vonir standa til að vinnan muni mótast af sömu gleði, hugmyndauðgi og krafti sem einkennt hefur fyrsta starfsár Okkar máls verkefnisins í Fellahverfi.

Reykjavík, 7. júlí 2013

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri Okkar máls